

Nr. 19-024 S 017 Jón Kjartansson SU 111***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2949
IMO: 9268124
Smíðaður: Noregi 2003, stál
Útgerð: Eskja ehf.
Stærð: 2424,30 bt.
Mesta lengd: 70,70 m Skráð lengd: 63,53 m
Breidd: 14,50 m Dýpt: 8,71 m
Vél: MAK 6000 kW 2003
Fjöldi skipverja: 14



Jón Kjartansson © Þorsteinn Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. október 2018 var uppsjávarskipið Jón Kjartansson SU 111 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: VNV 15-18 m/sek.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar einn þeirra missti jafnvægið og féll af lóðarennunni með fjarstýringu fyrir nótakrana framan á sér. Eftir fallið verkjaði hann í síðu, hægri fæti og varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð upp á lóðarennunni (keðjurenna) til að sjá betur yfir þar sem hann var að stjórna nótakrana;
- að hæðin á lóðarennunni var um 50 cm að frá þilfarinu;
- að skipverjinn rifbeinsbrotnaði þegar hann féll í þilfarið með fjarstýringuna framan á sér.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.